

**Nd.**

**295. Frumvörp**

til laga um fólksráðningarstofu í Reykjavík og um vald landsstjórnarinnar til að ráðstafa atvinnulausu fólki og bjargarvana.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að setja fólksráðningarstofu í Reykjavík, eftir samráði við Búnaðarfélag Íslands og Fiskveiðafélag Íslands, til fyrirgreiðslu vinnuviðskiftum í landinu. Laun forstöðumanns ákveður landsstjórnin.

2. gr.

Enn fremur heimilast landsstjórninni vald til að ráðstafa vinnufæru, en atvinnulausu og bjargarvana, fólki, sem ekki verður ráðið í fólksráðningarstofunni eða með frjálsum samningum á annan hátt. Þetta má þó því að eins ske, að stórfeld bjargarvandræði verði, eða vofi yfir, og að eins að fengnu samþykki stjórnarvalda þeirra sveita eða bæja, sem fólkinu er ráðstafað til.

3. gr.

Hver sá, sem verkafólks er vant, getur snúið sjer til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, og þær síðan til fólksráðningarstofunnar, með fyrirspurnir og boð í verkafólk. Sömu leið getur sá farið, sem vinnukraft hefir að bjóða. Samningur, sem sveitarstjórn eða bæjarstjórn gerir samkvæmt fram komnum tilmælum vinnuveitanda og vinnuþiggjanda við fólksráðningarstofuna, er bindandi fyrir hlutaðeigandi einstaklinga.

4. gr.

Þegar mjög iskyggilega litur út á einhverjum stað um bjargræði fólks, skal hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sveitarstjórn gera landsstjórninni aðvart, með itarlegri skýrslu um, hve margt sje þar af vinnufæru, en atvinnulausu, fólki, og hve mikill hluti þess bjargarvana, svo og um aldur þess og vinnudug. Skýrslu þessa hefir landsstjórnin síðan til leiðbeiningar við ráðstafanir þær, sem hún telur nauðsynlegar.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að setja verkafólki, er ferðast með skipum, lægri fargjaldstaxta en hinn vanalega. Fargjald fólks, sem ráðstafað er samkvæmt 2. gr., greiðir landssjóður að öllu leyti.

6. gr.

Hver sá, sem ráðstafað er samkvæmt 2. gr., skal skoðaður af lækni og hafa frá honum vottorð um að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan Norðurálfuófriðurinn stendur.